# Píratar

Samstæðu ársreikningur

# 31.12.2020

Píratar
461212-0690
Síðumúla 23
105 Reykjavík

# Píratar

Samstæðuársreikningur

# 31.12.2020

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun endurskoðanda | 2-3 |
| Skýrsla stjórnar | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Skýringar | 7-9 |

# Áritun endurskoðanda

Til framkvæmdaráðs Pírata

**Álit**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Pírata fyrir árið 2020. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrar- og efnahagsreikning, og skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samtakanna á árinu 2020 og efnahag þeirra 31. desember 2020 í samræmi við lög um ársreikninga og gildandi reikningsskilareglur.

**Grundvöllur að áliti**

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við eru óháð Pírötum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum okkur hafa aflað nægilegra og viðeigandi gagna við endurskoðunina til að byggja álit okkar á.

Án þess að gera fyrirvara um það í áritun okkar, viljum við vekja athygli á ágreiningi sem uppi er milli Pírata og ríkisendurskoðunar er varðar reglur um innlausn tekna. Samtökin hafa í samræmi við lög nr. 162/2006 upplýsingaskyldu gagnvart ríkisendurskoðun, sem felst í skilum á endurskoðuðum ársreikningi til ríkisendurskoðunar. Í sömu lögum er gerð sú krafa að við gerð ársreiknings skuli farið að efnisreglum laga um ársreikninga og frekari leiðbeiningum ríkisendurskoðunar, eftir atvikum. Líkt og fram kemur í skýringu 2 innleysa Píratar tekjur eftir því sem þær teljast áunnar og innleysa þannig rétt til framlaga í samræmi við dagsetningu og niðurstöðu kosninga þegar þeir voru fyrst kjörnir á þing í apríl 2013. Í leiðbeiningum ríkisendurskoðunar er hinsvegar gerð sú krafa að tekjur skuli færðar á því ári sem þær fást greiddar, þ.e. á greiðslugrunni. Við gerum ekki athugasemd við tekjuinnlausnaraðferð Pírata, heldur vekjum einöngu athygli á framangreindu misræmi, enda er niðurstaða rekstrarreiknings sú sama, hvor innlausnaaraðferðin sem notuð er. Eignir og eigið fé eru hins vegar hærri sem nemur kr 47,3 milljónum með aðferð Pírata.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**

Stjórn samtakanna og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn samtakanna og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn samtakanna og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi þeirra og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema það sé ekki lengur til staðar.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreiknings**

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum mistaka eða sviksemi og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, miðað við þær aðferðir, sem beitt er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, en ekki trygging þess að endurskoðunin leiði til uppgötvunar allra verulegra skekkja, sem gætu verið til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar, ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og gagnrýnni hugsun. Í tengslum við endurskoðunina framkvæmum við eftirfarandi:

- Greinum og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem hún helgast af mistökum eða sviksemi. Hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við framangreindri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. *Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.*

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Förum yfir og metum út frá endurskoðun okkar, álit stjórnenda á rekstrarhæfi samtakanna, sem og látum í ljós álit okkar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar af rekstri og efnahag.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar, sem og veruleg atriði er komu upp við endurskoðunarvinnu okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Reykjavík 9. nóvember 2021

Guðlaugur Guðmundsson
endurskoðandi

# Áritun skoðunarmanns

---

Ég undirritaður skoðunarmaður Pírata, hef yfirfarið samstæðu ársreikning Pírata fyrir árið 2021 og tel hann gefa glögga mynd af afkomu ársins 2020 og efnahag þann 31.12 2020.

Fyrir mitt leyti samþykki ég ársreikninginn.

Reykjavík 9. nóvember 2021

Halldór Haraldsson,
skoðunarmaður

# Skýrsla stjórnar

Píratar eru stjórnmálasamtök og starfa í samræmi við almenn lög um félagasamtök, sem og lög nr. 162/2006 um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og upplýsingaskyldu þeirra.

Samstæðuársreikningur Pírata tekur til stjórnmálaflokks Pírata (aðalskrifstofa), þingflokks og aðildarfélaga. Í samræmi við lög nr. 162 / 2006 eru aðildarfélög sem hafa óverulega starfsemi ekki hluti samstæðu samstæðuársreiknings þessa.

Á árinu störfuðu að jafnaði um 3 starfsmenn hjá samtökunum og nam launakostnaður kr. 26 milljónum.

Afgangur af rekstri samtakanna á árinu 2020 nam tæplega 25 milljónum króna og leggja framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri til að hann verði fluttur óskiptur til næsta árs. Að öðru leyti vísa framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri í samstæðuársreikninginn um aðrar breytingar á eigin fé.

Framkvæmdastjórn og framkvæmdsastjóri Pírata staðfesta hér með samstæðuársreikning flokksins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík 20. desember 2021

Framkvæmdastjóri

*Elsa Kristjánsdóttir*

Framkvæmdastjórn

*Gamithra Marga*

*Börn Þór Jóhannesson*

*Helgi Hrafn Gunnarsson*

# Rekstrarreikningur 2020

| | Skýr. | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | 3 | | |
| Framlög til stjórnmálaflokks úr ríkissjóði | | 71.016.317 | 70.495.186 |
| Framlag til þingflokks úr ríkissjóði | | 12.096.900 | 12.391.230 |
| Framlög frá sveitarfelögum | | 2.770.021 | 2.630.495 |
| Styrkir frá einstaklingum | | 142.167 | 34.600 |
| Félagsgjöld | | 1.605.940 | 397.250 |
| Tekjur samtals | | 87.631.345 | 85.948.761 |
| **Gjöld** | 4 | | |
| Aðalskrifstofa | | 51.838.805 | 65.353.873 |
| Þingflokkur | | 9.076.292 | 15.051.552 |
| Aðildarfélög | | 1.602.492 | 1.831.829 |
| Rekstarkostnaður samtals | | 62.517.589 | 82.237.254 |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | | 25.113.756 | 3.711.507 |
| Vaxtatekjur | | 29.897 | 115.892 |
| Vaxtagjöld | | -350.044 | -1.267.540 |
| Fjármunatekjur / (fjármagnsgöld) samtals | | -320.147 | -1.151.648 |
| **Afkoma ársins** | | 24.793.609 | 2.559.859 |

# Efnahagsreikningur 31.12.2020

| **Eignir** | **Skýr.** | **31.12.2020** | **31.12.2019** |
|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir** | | | |
| Ríkissjóður | | 47.344.211 | 47.344.211 |
| Reykjavíkurborg | | 2.145.091 | 1.955.040 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 180.096 | 258.122 |
| Handbært fé | | 15.673.895 | 5.333.887 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 65.343.293 | 54.891.260 |
| **Eignir samtals** | | 65.343.293 | 54.891.260 |

| **Eigið fé og skuldir** | **Skýr.** | **31.12.2020** | **31.12.2019** |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 6 | | |
| Uppsafnaður afgangur | | 61.680.875 | 37.614.757 |
| **Eigið fé samtals** | | 61.680.875 | 37.614.757 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skammtímaskuldir við lánastofnanir | | 0 | 15.033.866 |
| Viðskiptaskuldir | | 388.783 | 826.617 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 2.848.760 | 1.416.020 |
| **Skammtímaskuldir samtals** | | 3.662.418 | 17.276.503 |
| **Skuldir samtals** | | 3.662.418 | 17.276.503 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 65.343.293 | 54.891.260 |

# Skýringar

## 1. Píratar

Píratar eru stjórnmálaflokkur og starfa í samræmi við almenn lög um félagasamtök, sem og lög nr. 162/2006 um fjármál stjórnmálaflokka og upplýsingaskyldu þeirra.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

**Um samstæðuársreikninginn**

Samstæðuársreikningur Pírata 31.12.2020 er samstæðuársreikningur stjórnmálaflokks Pírata (aðalskrifstofu), þingflokks og aðildarfélaga. Í samræmi við lög nr. 162 / 2006 er aðildarfélögum sem hafa óverulega starfsemi á árinu haldið utan samstæðuársreiknings. Hafi þau hinsvegar verið hluti samstæðuársreiknings fyrra árs, í þessu tilviki ársins 2019, eru afkoma þeirra, eignir og eigið fé talin með sem hluti samanburðartalna í samstæðuársreikningi, en eignir þeirra og eigin fé færð út í ársbyrjun 2020, sbr. skýringu 7 um eigið fé. Hér á eftir eru listuð upp öll aðildarfélög sem höfðu virka kennitölu skráningu á reikningsskiladegi, flokkuð eftir því hvort þau séu innan samstæðu reiknings eða utan hans. Einnig eru uppýsingar um þau félög sem hætt hafa starfsemi og kennitala þeirra verið afskráð á árinu.

Aðildarfélög, sem eru hluti samstæðureiknings 31.12.2020

| Heiti félags | Heimilisfang |
|---|---|
| Píratar í Reykjavík | Síðumúla 23, 108 Reykjavík |
| Píratar í Kópavogi | Hamraborg 9, 200 Kópavogi |
| Píratar í Suðurkjördæmi | Hafnargötu 15, 230 Reykjanesbær |
| Píratar á Suðurlandi | Hjarðarholti 13, 800 Selfoss |

Aðildarfélög með virka kennitölu skráningu á reikningsskiladegi, sem eru utan samstæðureiknings 31.12.2020:

| Heiti félags | Heimilisfang |
|---|---|
| Píratar í Norðausturkjördæmi | Þingvallastræti 16, 600 Akureyri |
| Píratar í Norðvesturkjördæmi | Hlíðarvegi 25, 400 Ísafirði |
| Píratar í Suðvesturkjördæmi | Fiskislóð 31, 101 Reykjavík |
| Píratar í Reykjanesbæ | Hafnargötu 15, 230 Reykjanesbæ |

Afskráð aðildarfélög á árinu 2020:

| Heiti félags |
|---|
| Píratar á Austurlandi |
| Píratar á Vestfjörðum |
| Píratar á Vesturlandi |
| Píratar í Hafnarfirði |
| Píratar í Mosfellsbæ |

Aðildarfélög, sem eru hluti samstæðureiknings 31.12.2019

| Heiti félags | Heimilisfang |
|---|---|
| Píratar í Reykjavík | Síðumúla 23, 108 Reykjavík |
| Píratar í Kópavogi | Hamraborg 9, 200 Kópavogi |
| Píratar í Norðausturkjördæmi | Þingvallastræti 16, 600 Akureyri |
| Píratar í Reykjanesbæ | Hafnargötu 15, 230 Reykjanesbær |
| Píratar á Suðurlandi | Hjarðarholti 13, 800 Selfoss |

Aðildarfélög með virka kennitölu skráningu á reikningsskiladegi, sem eru utan samstæðureiknings 31.12.2019:

| Heiti félags | Heimilisfang |
|---|---|
| Píratar í Suðurkjördæmi | Hafnargötu 15, 230 Reykjanesbæ |
| Píratar í Suðvesturkjördæmi | Fiskislóð 31, 101 Reykjavík |
| Píratar á Austurlandi | |
| Píratar á Vestfjörðum | |
| Píratar á Vesturlandi | |
| Píratar í Hafnarfirði | |
| Píratar í Mosfellsbæ | |

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir, framhald

**Grundvöllur reikningsskilanna**

Samstæðuársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi, þar með talið lög nr. 162/2006 um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og upplýsingaskyldu þeirra, auk leiðbeininga Ríkisendurskoðunar um reikningshald stjórnmálasamtaka. Samstæðuársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð í íslenskum krónum. Samstæðuársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur fyrra árs.

**Innlausn tekna**

Tekjur eru skráðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og reikningskilareglur. Í samræmi við það innleysa Píratar áunninn réttindi til framlaga í samræmi við dagsetningu og niðurstöðu kosninga þegar þeir voru fyrst kjörnir á þing í apríl 2013. Þetta hefur ekki áhrif á niðurstöðu rekstrarreiknings, en eignir og eigið fé eru hærri um kr. 47,3 milljónir.

**Aðrar reikningsskilaaðferðir**

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í viðeigandi skýringum hér á eftir.

## 3. Sundurgreining tekna

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Innleyst áunnið framlag janúar - apríl 2020/2019, greitt úr ríkissj. 2020/2019 | 23.672.106 | 23.150.975 |
| Innleyst áunnið framlag maí - desember 2020/2019, greitt úr ríkissj. 2021/2020 | 47.344.211 | 47.344.211 |
| Framlag til þingflokks úr ríkissjóði | 12.096.900 | 12.391.230 |
| Framlög frá sveitarfélögum, Kópavogsbær | 434.682 | 434.682 |
| Framlög frá sveitarfélögum, Reykjanesbær | 0 | 240.773 |
| Framlög frá sveitarfélögum, Reykjavíkurborg | 1.997.339 | 1.955.040 |
| Framlög frá sveitarfélögum, Hafnarfjarðarbær | 338.000 | 0 |
| Styrkir frá einstaklingum undir 200.000,- | 142.167 | 34.600 |
| Félagsgjöld | 1.605.940 | 397.250 |
| | 87.631.345 | 85.948.761 |

## 4. Sundurgreining gjalda

Afkoma rekstrareininga á árinu 2020 greinist með eftirfarandi hætti:

| | Aðalskrifstofa | Þingflokkur | Aðildarfélög | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 29.394.411 | 7.504.825 | 0 | 36.899.236 |
| Ferðakostnaður | 103.422 | 114.087 | 0 | 217.509 |
| Styrkir | 220.820 | 0 | 0 | 220.820 |
| Aðkeypt þjónusta | 6.998.167 | 818.394 | 158.943 | 7.975.504 |
| Kostnaður vegna funda | 1.234.750 | 392.431 | 102.377 | 1.729.558 |
| Húsnæðiskostnaður | 7.595.773 | 0 | 750.000 | 8.345.773 |
| Auglýsingar | 487.495 | 214.061 | 174.716 | 876.272 |
| Skrifstofukostnaður | 5.736.537 | 32.494 | 0 | 5.769.031 |
| Annar kostnaður | 67.430 | 0 | 416.456 | 483.886 |
| | 51.838.805 | 9.076.292 | 1.602.492 | 62.517.589 |

## 4. Sundurgreining gjalda, framhald

Afkoma rekstrareininga á árinu 2019 greinist með eftirfarandi hætti:

| | Aðalskrifstofa | Þingflokkur | Aðildarfélög | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 40.989.217 | 10.416.526 | 0 | 51.405.743 |
| Ferðakostnaður | 642.258 | 352.357 | 0 | 994.615 |
| Styrkir | 717.747 | 0 | 110.473 | 828.220 |
| Aðkeypt þjónusta | 4.865.419 | 3.368.064 | 0 | 8.233.483 |
| Kostnaður vegna funda | 2.016.335 | 277.515 | 0 | 2.293.850 |
| Húsnæðiskostnaður | 8.396.785 | 0 | 900.000 | 9.296.785 |
| Auglýsingar | 1.151.132 | 383.064 | 69.068 | 1.603.264 |
| Skrifstofukostnaður | 6.420.818 | 254.026 | 0 | 6.674.844 |
| Annar kostnaður | 154.162 | 0 | 752.288 | 906.450 |
| | 65.353.873 | 15.051.552 | 1.831.829 | 82.237.254 |

## 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld á árinu 2020 greinast með eftirfarandi hætti:

| | Aðalskrifstofa | Þingflokkur | Samtals |
|---|---|---|---|
| Laun | 23.786.370 | 2.450.000 | 26.236.370 |
| Bifreiðastyrkur | 180.000 | 0 | 180.000 |
| Lífeyrissjóður | 3.521.513 | 284.200 | 3.805.713 |
| Tryggingagjald | 1.723.728 | 173.472 | 1.897.200 |
| Launakostnaður greiddur af Alþingi | 0 | 4.524.230 | 4.524.230 |
| Annar starfsmannatengdur kostnaður | 182.800 | 72.923 | 255.723 |
| | 29.394.411 | 7.504.825 | 36.899.236 |
| Meðalfjöldi starfsmanna | 2,0 | 0,3 | 2,3 |

Laun og launatengd gjöld á árinu 2019 greinast með eftirfarandi hætti:

| | Aðalskrifstofa | Þingflokkur | Samtals |
|---|---|---|---|
| Laun | 33.406.008 | 2.450.000 | 35.856.008 |
| Bifreiðastyrkur | 225.000 | 0 | 225.000 |
| Lífeyrissjóður | 4.710.120 | 284.200 | 4.994.320 |
| Tryggingagjald | 2.496.737 | 180.296 | 2.677.033 |
| Launakostnaður greiddur af Alþingi | 0 | 7.502.030 | 7.502.030 |
| Annar starfsmannatengdur kostnaður | 151.352 | 0 | 151.352 |
| | 40.989.217 | 10.416.526 | 51.405.743 |
| Meðalfjöldi starfsmanna | 2,7 | 0,3 | 3,0 |

## 6. Eigið fé

Yfirlit um hreyfingar eiginfjár:

| | Uppsafnaður tekjuafgangur |
|---|---|
| Eigið fé í upphafi árs 2019 | 35.054.898 |
| Rekstrarafgangur ársins 2019 | 2.559.859 |
| Eigið fé í árslok 2019 | 37.614.757 |
| Fært út eigið fé aðildarfélaga utan samstæðu 2020 sbr. skýringu 2 | -727.491 |
| Rekstrarafgangur ársins 2020 | 24.793.609 |
| Eigið fé í árslok 2020 | 61.680.875 |

# Undirritunarsíða

## Helgi Hrafn Gunnarsson

Undirritað af:
Helgi Hrafn
Gunnarsson
2210804089
Dags: 02.01.2022
Tími: 15:26:34
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5f0fc402-
4ce1-4f0b-adf6-
bb103e945c18

## Gamithra Marga

Undirritað af:
Gamithra Marga
1608993449
Dags: 02.01.2022
Tími: 15:46:41
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5f0fc402-
4ce1-4f0b-adf6-
bb103e945c18

## Björn Þór Jóhannesson

Undirritað af:
Björn Þór
Jóhannesson
0207793149
Dags: 03.01.2022
Tími: 14:33:33
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5f0fc402-
4ce1-4f0b-adf6-
bb103e945c18

## Elsa Kristjánsdóttir

Undirritað af:
Elsa Kristjánsdóttir
2407872619
Dags: 02.01.2022
Tími: 15:30:32
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5f0fc402-
4ce1-4f0b-adf6-
bb103e945c18